


Aldursgreining á ýsu úr Faxaflóa í nóvember 1994

Inngangur

Að beiðni Landssambands Smábátæigenda aldursgreindi ég sýni úr aflu trillunnar Sæmundar RE 194 sem hafði verið að línuveiðum út af Akranesi. Tilgangurinn var að finna aldursdreifingu ýsu sem var í kring um viðmiðunarmörk Hafrannsóknastofnunar, 48 sm.

Aðferðir

Sýnum var safnað úr aflanum, ekki alveg af handahófi, því meiri áhersla var að taka sýni af smáum ýsum en þeim sem stærri voru. Fiskurinn var lengdarmældur (heildarlengd) og tekið af honum hreistur til aldursgreiningar. Hreistrið var tekið við hliðarlínu, á svæðinu milli bakugga og sporðs. Það var pressað í celloid plötu og lesið í mikkrofílmulesara. Fjarlægð áhringja frá hreistursmiðju var mæld og vöxtur bakreiknaður. Gert var ráð fyrir línulegu sambandi hreisturslengdar og fisklengdar með miðju í 0,0.



Mynd1. Lengdardreifing aldurskýna af ýsu úr Faxaflóa 17. nóvember 1994.

Niðurstöður

Lengdardreifing aldurskýna er sýnd á mynd 1, og niðurstöður úr aldursgreiningu er sýndur í töflu 1. Til samanburðar eru í töflu 2 sýndar aldursgreiningar á ýsu sem var veidd í smáriðin net á sama svæði í janúar sl. Lengdardreifing hinna ýmsu árganga er sýnd í töflu 3.

Aldur	Árg.	Fjöldi	%	Meðallengd	l ₁	l ₂	l ₃	l ₄	l ₅	l ₆	l ₇	l ₈
2+	92	4	5	41	16	30						
3+	91	13	18	44	14	26	36					
4+	90	31	42	46	13	24	33	41				
5+	89	17	23	49	13	23	32	39	45			
6+	88	3	4	49	14	24	33	37	41	46		
7+	87	3	4	48	12	21	28	34	38	42	46	
8+	86	3	4	52	11	21	30	36	39	43	47	50

Tafla 1. Niðurstöður aldursgreininga á ýsu úr Faxaflóa 17. nóvember 1994.

l₁, l₂, l₃, o. s. frv: Lengd við 1. 2. 3. vetur.

Aldur	Árg.	Fjöldi	%	Meðallengd	l ₁	l ₂	l ₃	l ₄	l ₅	l ₆	l ₇	l ₈	l ₉
3+	91	1	4	37	14	26	37						
4+	90	7	26	45	14	25	36	45					
5+	89	16	59	46	13	23	32	40	46				
6+	88	2	7	52	13	25	32	39	45	52			
9+	85	1	4	55	13	20	29	35	41	45	48	51	55

Tafla 2. Niðurstöður aldursgreininga á ýsu úr Faxaflóa 15. janúar 1994.

l₁, l₂, l₃, o. s. frv: Lengd við 1. 2. 3. vetur.

Umræður

Sjá má að stærðarmunur árganganna er mjög lítil og stærðin virðist stefna á þak sem er í kring um 48-50 sm (vaxtarstöðnun). Munurinn á meðallengd fjögurra og fimm ára fiska er aðeins 3 sm en það svarar til um 20% þyngdarmunar.

Yngstu árgangarnir hafa vaxið hraðar á fyrstu æviárum en þeir eldri (Rosa-Lee fenomen), nokkuð sem bendir til þess að dánartala vaxi með stærð. Fiskar sem vaxa hægt til að byrja með, lifa lengur en hinir.

Einu veiðarfærin sem að ráði ná til fisks undir 50 sm eru önglar. Möskvar dráttarveiðarfæra og sérstaklega neta, eru það stórir að þeir ná illa til þessa hluta stofnsins. Því má ætla að aukin dánartala með stærð sé ekki eingöngu af völdum veiða heldur einnig vegna stöðnunar í vexti.

Ef ástandið er raunverulega þannig, þá leiðir það einungis til aflataps að bíða of lengi með að veiða fiskinn.

Aldur:	2+	3+	4+	5+	6+	7+	8+
Lengd							
38	1						
39	1		1				
40	1						
41		1					
42		3	2				
43		4	3				
44		1	7				
45		2	5		1		
46		1	1	1	1		
47		1	2	4		1	
48	1		3	2		1	1
49			1	3		1	
50			2	4			
51			3	2			
52				1			1
53							
54			1				
55					1		
56							1

Tafla 3. Lengdardreifing ýsuárganga úr Faxaflóa 17. nóvember 1994. Tölurnar tákna fjölda fiska.